Fundargerð skólaráðs (6.fundur)

Dagsetning: 26.apríl

Mættir: *Helgi Grímsson skólastjóri , Ólöf S. Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri, Gunnar Richardsson forstöðumaður Garðalundar ,Þórey Halldórsdóttir kennari , Jóhanna Elísa Magnúsdóttir leikskólakennari , Elfa Hrönn Friðriksdóttir kennari, Berglind Víðisdóttir fulltrúi foreldra*

Mánudaginn 26.apríl , kl. 16.30 kom skólaráð Sjálandsskóla saman til fundar í skólanum.

Fyrir var tekið:

Nemendafjöldi 2010-2011
Helgi lagði fram blað vegna þeirra skráninga sem komnar eru vegna næsta vetrar. Heldur færri nemendur hafa innritast í skólann en reiknað var með. Helstu skýringar á því er að færri nemendur koma í fyrsta bekk en áður og engir nýjir nemendur koma í 5.bekk úr Barnaskóla Hjallastefnunnar eins og áður. Allmargir nemendur fara úr 7.bekk í 8.bekk í Garðaskóla.
Einum umsjónarhóp verður bætt við þ.e. 10.bekkur bætist við.
Vegna þess verður færri tímum til að dreifa þar sem nemendafjöldinn fer fækkandi.
Mikilvægt er að fjölga nemendum í 8.bekk þannig að skólinn fari ekki minnkandi en sú verður staðan ef ekki verður breyting þar á.

Starfsmannamál
Sami fjöldi og áður. Ekki verður bætt við vegna þess hve lítil fjölgun er.

Rætt um stöðuna í 7.bekk og tengslin við Garðalund: Staðan í 7.bekkjar árgangnum hefur verið afar erfið undanfarnar vikur vegna óróa í valinu. Greinilega eru krakkarnir að velja eins og hópurinn og félagsstarfið í Garðalundi virðist ekki hafa skilað sér til Sjálandsskóla. Þetta mál er í klemmu og þarfnast frekari úrlausnar.

Skólaráð vill álykta um að reynt verði að ná viðunandi lausn á félagsstarfi Sjálandsskóla í tengslum við Garðalundi. Skólaráð skynjar að svo virðist vera að vilji sé allt sem vantar hjá þeim aðilum sem að félagsstarfi unglingana koma til að keyra megi þessa starfsemi saman með hagsmuni unglingana í huga. Skólaráð leggur til að haldinn verði sameiginlegur fundur skólastjórnenda, forstöðumanna Garðalundar og bæjaryfirvalda um lausn á þessu máli.

Rætt um hvort valið á skólunum sé til gæfu eða búi til vandræði.

Skipulag hússins

Unglingastigið verður áfram á sama stað en 7.bekkur þar fyrir ofan. 5./6. bekkur flyst upp og 1.-4. bekkur flyst niður. Mikilvægt að alþjóðaskólinn noti annan inngang – trufla mikið hina.

Úttekt menntamálaráðuneytisins
Helgi kynnti drög að niðurstöðum úttektarinnar sem gerð var af BSI fyrir menntamálaráðuneytið. Niðurstöðurnar voru almennt mjög jákvæðar – sjá fylgiskjal með niðurstöðunum.

Matarmál
Rætt um slysahættu af vatnssuðu í hádeginu en nemendur eru að hita sér vatn í súpur. Skólaráð leggur til að nemendum í 1.-4. bekk verði óheimilt að hita vatn vegna slysahættu.